



# DKG

## International Society for Key Women Educators

**Fréttabréf  
forseta í  
október 2017**

### Kæru formenn deilda

Í Delta Kappa Gamma er alltaf eitthvað um að vera og þannig er það auðvitað líka núna. Vetrarstarfið er hafið hjá deildunum og flestar deildir eru búnar að funda. Ég hvet ykkur til að setja myndir og smá umfjöllun inn á facebook síðuna okkar „delta kappa gamma á Íslandi“ eftir fundi. Það er svo gaman að skoða myndir og heyra hvað er verið að gera í öðrum deildum.

### Inntaka nýrra félagskvenna

Eitt af verkefnum hvers vetrar er að gæta þess að halda við eða auka fjölda kvenna í deildunum og helst þarf að taka inn nýjar konur á hverju kjörtímabili. Þetta er meðal annars mikilvægt til að deildirnar festist ekki í þægindaramma sem erfitt getur verið að stíga út úr síðar. Við ræddum á framkvæmdaráðsfundinum að gott væri að taka inn nokkrar konur í einu, það er auðveldra fyrir þær og skemmtilegra fyrir deildina. Það fylgir því nokkur skrifinnaska að taka inn nýjar konur en það er líka gaman. Það á að senda upplýsingar um nýju konurnar á formann félaga - og útbreiðslunefndar, [sigga@olfus.is](mailto:sigga@olfus.is) og vefstjórnann, [eyglob@gmail.com](mailto:eyglob@gmail.com). Þar þarf að koma fram fullt nafn, heimilisfang, starf, símanúmer, netfang og inntökudagur. Svo á að fylla út eyðublað 81 sem þið finnið inn á síðu alþjóðasamtakanna <http://www.dkg.org/DKGMember/Forms/Membership/DKGMember/Forms/Membership.aspx?hkey=c047d8c2-b233-4224-85e3-d84b3d911535>. Eyðublaðið á að senda á [mem@dkg.org](mailto:mem@dkg.org) og afrit af því á gjaldkerann okkar, hana Jensínu, sem er með netfangið [jensina@lmi.is](mailto:jensina@lmi.is).



### Mikilvægar dagsetningar

Póstur barst á dögunum frá Educational Foundation þar sem minnt er á möguleika og dagsetningar vegna styrkveitinga. Ég birti póstinn hér í heilu lagi og mun einnig framsenda hann til ykkar. Það er mikilvægt að nýta þá styrkmöguleika sem eru í boði. Nánari skýringar eru á heimasíðu alþjóðasamtakanna.

November 1, 2017: The [Cornetet Seminar for Professional Development Award](#) (CSPD) is granted to organizations within The Delta Kappa Gamma Society International to sponsor professional development seminars open to all educators.

January 3, 2018: Up to \$10,000 may be awarded to groups or individuals for [projects](#) that not only benefit children and education but also encourage intercultural understanding and educational excellence.

February 1, 2018: Members and nonmembers can apply for [Cornetet Individual Professional Development](#) (CIPD) Awards to participate in events and activities that occur between March 15, 2018 and October 15, 2018.

### Vefurinn okkar

Það er mikilvægt að halda bæði vefsíðum landssambandsins og deildanna lifandi. Oft er það svo að þegar félög eru komin með facebook síður að minna efni ratar inn á formlegar heimasíður. Við verðum að gæta þess að það gerist ekki hjá okkur. Mig langar að biðja ykkur, kæru formenn, að senda mér ([jona.dkg@gmail.com](mailto:jona.dkg@gmail.com)) nöfn vefstjóranna ykkar því ég veit að í nokkrum tilvikum eru þeir ekki rétt skráðir neðst á deildasíðunum.

Þá væri einnig gagnlegt að fundaaætlanir vetrarins kæmu inn á viðburðadagatölin. Mig langar að heimsækja sem flestar deildir á kjörtímabilinu, en það krefst smá skipulags og því er gott að vita fundartímana með góðum fyrirvara. Ef einhver vandamál eru með viðburðadagatalið eða annað varðandi vefi deildanna bendi ég ykkur á að hafa samband við Eygló Björnsdóttur ([eyglob@gmail.com](mailto:eyglob@gmail.com)) vefstjóra og fyrrverandi forseta sem leysir með ykkur úr málunum bæði fljótt og vel.

## Úr framkvæmdaáætlun

Framkvæmdaáætlun landssambandsstjórnarinnar er komin á vefinn undir hlekknum <https://www.dkg.is/is/stjorn-og-nefndir/framkvæmdarad/2017-2019>. Þar má finna helstu áherslumál stjórnar fyrir næstu tvö árin. Mig langar sérstaklega að minnast á þrennt í þessu fréttabréfi.

### Undir liðnum menntamál segir meðal annars

*- Að hvetja deildir til að nýta möguleika á fræðslufundum og námskeiðum sem í boði eru á vegum samtakanna, bæði til að efla félagskonur persónulega og starfið í deildunum. Upplýsingar um tvennskonar leiðtogafræðslu sem í boði er má finna á heimasíðu Landsambandsins. Landsambandið greiðir ferðakostnað fyrirlesara vegna námskeiðanna.*

Ég vona að sem flestar deildir nýti sér þessi góðu erindi frá þeim Ingibjörgu Jónasdóttur og Sigrúnu Jóhannesdóttur. Erindin eru mjög vel til þess fallin að fá konur til að beina sjónum sínum inn á við og íhuga hvernig þær geta eflt eigin leiðtogahæfni.

### Undir innlend samskipti má meðal annars finna þetta

*- Að setja hnapp á vef sambandsins þar sem félagskonur geta skráð sig á lista með umfjöllunarefni og fyrirlestra sem þær eru tilbúnar til að vera með á ráðstefnum eða öðrum kynningum.*

Það er mikilvægt fyrir okkur konur að efla tengslanetið okkar og við erum sannfærðar um að með því að búa til svona hnapp á heimasíðuna aukast líkur á því að DKG konur leiti fyrst til kvenna í okkar röðum þegar þær eru að skipuleggja ráðstefnur eða standa fyrir erindum um menntamál. Þetta er nokkur vinna og því langar mig að biðja ykkur, ágætu formenn, að setja þetta á dagskrá hjá deildunum ykkar sem fyrst og safna saman þessum upplýsingum svo við getum farið að setja listann saman.

### Undir menntamálum er einnig þessi setning

*-Að hvetja félagskonur til að taka virkan þátt í umræðum um menntamál í samfélaginu og leggja þannig sitt af mörkum til að umræðan verði metnaðarfullri.*

Um þessar mundir litast umræður í fjölmiðlum eðlilega af því að stutt er í kosningar og þó að við í Delta Kappa Gamma höfum allskonar skoðanir á stjórnámálum eigum við okkur allar drauma um gott og öflugt menntakerfi og höfum sýn á hverju það á að skila bæði einstaklingum og þjóðinni allri. Ég hvet ykkur til að taka virkan þátt í þessari umræðu og nota hvert tækifæri til að beina sjónum þeirra sem bjóða sig fram til starfa fyrir þjóðina að mikilvægi menntamála í heildarsamhenginu hvort sem um er að ræða efnahagsmál, heilbrigðismál, umhverfismál eða eitthvað annað. Án öflugs menntakerfis fer þjóðum hrakandi á öllum sviðum og hér getum við látið til okkar taka í umræðunni af þekkingu og innsæi.

## Á döfinni

Í lok október mun stýrihópur vegna Evrópuráðstefnunnar 2019 halda sinn fyrsta fund. Þá munum við gera tillögur að nefndum til að taka að sér tiltekin verkefni og í framhaldinu leita til deildanna með tilnefningar á konum um allt land til að taka að sér afmarkaða þætti. Þegar tekist er á við svo stórt verkefni sem slík ráðstefna er mikilvægt að hafa úr að spila einstaklingum með fjölbreytta hæfileika og þekkingu til að taka að sér verkefni og við erum svo heppnar í DKG að geta leitað til félagskvenna um flest sem þarf að gera í tengslum við ráðstefnuhald.

Við minnum á að fyrir 10.nóvember á að vera búid að greiða félagsgjaldið til landssambandsins.

Í lok nóvember eigum við svo von á Phyllis Hickey frá alþjóðasamtökunum til að leggja með okkur mat á þau hótél sem undirbúningshópur hefur lagt til að verði skoðuð til að hýsa ráðstefnuna. Að því loknu getum við fyrst farið á fullt við undirbúning.

Þó að það sé rétt svo komið haust vil ég minna ykkur á vorþingið sem haldið verður á Egilstöðum þann 5.maí. Það er mikilvægt að við gefum okkur tíma til að taka þátt í því sem samtökin bjóða, fræðast og njóta félagsskaparins saman. Ég vona að við hittumst sem flestar fyrir austan í vor.

Bestu kveðjur að vestan

Jóna Benediktsdóttir, landssambandsforseti 2017-2019

